

***BORGARSTJÓRN 12. maí 2020: Tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni - R20050131***

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og ungmenni fái jafnréttisfræðslu við hæfi og að slík fræðsla fari fram í öllum skólum frá og með hausti 2020.

**Greinargerð:**

Ísland er fjölmeningarsamfélag. Í slíku samfélagi er ekki rými fyrir mismunun, hvort sem er vegna trúar, menningar, þjóðernis, kyns, kynþáttar, kynhneigðar eða annarra þátta.

Ungmennaráð Árbæjar og Holta fer fram á að Reykjavíkurborg sjái öllum ungmennum á aldrinum 12-16 ára fyrir viðeigandi jafnréttisfræðslu til að koma í veg fyrir það misrétti sem margir verða fyrir. Ýmis konar fræðsla er nú þegar til staðar en það þarf að sjá til þess að hún sé nýtt til að spyrna gegn þeim fordómum sem lifa í samfélagi okkar.